

## 13. gr.

Kjörtími kirkjuráðsmanna telst frá 1. ágústmánaðar.

4

8. febr.

## 14. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 21 frá 1931, birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. febrúar 1932.*

**Jónas Jónsson.**

\_\_\_\_\_  
G. Sveinbjörnsson.

## REGLUGERÐ

5

17. febr.

um

fiskimat.

## 1. gr.

Þegar verkaður fiskur er fluttur til Spánar, Ítalíu, Portúgals eða annara Suðurlanda, skal hann vera bæði bundinn, saumaður í strigaumbúðir, eða um hann búið á annan eigi ótryggari hátt.

## 2. gr.

Allur fiskur, sem út er fluttur, hvort heldur í pökkum eða kössum, skal merktur merki, er sýni hver hefir verkað hann, eða selt til útflutnings. Skal merki þetta sett á fiskpakkana eða kassana svo skýrt að eigi verði um villzt. Skulu yfirfiskimatsmennirnir halda slíka skrá yfir alla fiskfarma, er fara frá þeirra umdæmi, að þeir geti ávallt vitað frá hverjum sú fisksending er, er síðar kann að verða lofuð eða löstuð.

## 3. gr.

Sama þurkstigsheiti skal gilda á öllu landinu og skulu þau vera þessi þar til öðruvísi verður ákveðið.

1. Óverkaður fiskur.
2. Þveginn og pressaður fiskur.
3. Hálfþur fiskur.
4.  $\frac{3}{4}$  verkaður fiskur.
5.  $\frac{7}{8}$  verkaður fiskur.
6. Fullþur fiskur.

5

17. febr.

7. Harðþurkaður fiskur (Svarar til fullþurk. fyrir Portúgal).

8. Labrador-þurkaður fiskur (Svarar til  $\frac{3}{4}$  þurkunar).Heimilt er þó að votta „lint  $\frac{7}{8}$  verkað“ og „hart  $\frac{7}{8}$  verkað“.

Yfirmatsmenn gefa nánari fyrirmæli til undirmatsmanna sinna, um hvað eigi að skilja við hin ofangreindu þurkstig og hvernig matið skuli framkvæmt. Er áriðandi að yfirfiskimatsmennirnir í hinum ýmsu landsfjórðungum samræmi þessi fyrirmæli sín, svo að fiskimatið geti orðið sem líkast í öllum landsfjórðungum. Til þess að tryggja þetta og yfirleitt til þess að tryggja fiskimatið sem bezt, er svo ákveðið fyrst um sinn, og þar til önnur skipun verður gerð, að fiskifulltrúi Íslands fyrir Suður-Evrópu veiti yfirfiskimatsmönnum aðstoð sína og haldi fundi með þeim árlega, á þeim tíma, er hagkvæmt þykir.

Verði ágreiningur um einhver atriði, er máli skipta, milli þeirra, sker atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum forseta Fiskifélags Íslands, formanns Félags islenzkra botnvörpuskipa-eigenda og fulltrúa sjávarútvegsnefnda Alþingis, sem þær kjósa á þingi hverju til eins árs í senn.

## 4. gr.

Um flokkun á fiski eftir gæðum skal þetta tekið fram: Í fyrsta flokki skal aðeins vera blæfallegur og gallalaus fiskur. Í öðrum flokki lítið gallaður fiskur, en að neyslugildi jafn 1. fl. fiski. Í þriðja flokk fer rýrari fiskur með stærri göllum en 2. fl. fiskur, en sé þó nokkurn veginn jafn að neyslugildi. Fjórdi flokkur er úrgangsfiskur, þ. e. a. s. stórgallaður fiskur og rýrari að neyslugildi. Þó má ekki vera í honum fiskur, sem talizt getur óhæfur til manneeldis. Þessi flokkun gildir um allar fisktegundir, nema vægara má taka á matinu á ýsu, ufsa og keilu.

## 5. gr.

Mál á fiski telst frá föstum hnakka til aftasta liðs á sporði. Í sölum innanlands og til Spánar og Ítalíu telst *stórfiskur* aðeins sá fiskur, sem er 20 þuml. og þar yfir. Á matsvottorðum yfir fisk til Portúgals má telja til stórfiskjar fisk allt ofan í 18 þuml. *Millifisk* má á matsvottorðum ekki kalla smærri fisk en 18 þuml., ef fiskurinn fer til Spánar, og ekki smærri en 16 þuml., fari hann til annara landa Suður-Evrópu. Smáfisk má ekki kalla smærri fisk en 12 þuml. *Handfiskur* kallast fiskur frá 8—12 þuml., og ekki má flytja út smærri saltfisk en 8 þuml.

## 6. gr.

Sem jöfnust fiskstærð sé pökkuð í hvern pakka. Þegar um smáfisk og millifisk er að ræða, hvort heldur fullverkaðan, labraverkaðan eða þvegin og pressaðan, skal geta stærðarinnar á matsvottorðunum þannig, t. d. 12—18—20 þuml., 18—20—22 þuml., 18 þuml. og yfir o. s. frv. Sé áberandi mikið af 12—14 þuml. fiski í fiski, sem seldur er sem 12—20 þuml. fiskur, skal pakka 12—14 þuml. fiskinum sér.

## 7. gr.

5

Ávallt skal aðgreina aflattan fisk frá útúrflöttum ( $\frac{3}{4}$  flöttum), og þá 17. febr. þakka sér, hvert heldur fiskurinn er labra-verkaður, þveginn og pressaður eða óverkaður.

## 8.gr.

Skilgreiningin „libro“ sem áður hefir tíðkapt á matsvottorðum, leggst niður.

## 9. gr.

Ef til Barcelona er sendur fiskur, sem að dómi matsmanna er óhæfur fyrir þann markað, skal bæta við á matsvottorðið þessari setningu: „Ekki metinn fyrir Barcelona“ (Not selected for Barcelona).

## 10. gr.

Þegar beðið er um mat á fiski til útflutnings, eiga yfirmatsmenn heimtingu á að fá að vita um leið, til hvaða markaðsstaðar fiskurinn á að fara.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46, 8. september 1931 og öðlast þegar gildi. Undanskilin nýmælum hennar er þó sá verkaði fiskur, sem veiddur var árið 1931.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1932.*

Tryggvi Þórhallsson.

\_\_\_\_\_  
Páll Pálmason.

## VIÐBÓTARREGLUGERÐ

6

17. febr.

um

gjaldeyrisverzlun.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 48, 4. júní 1924, sbr. og lög nr. 9, 27. maí 1925, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun til viðbótar reglugerð um gjaldeyrisverzlun 2. okt. 1931.

## 1. gr.

- a) Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f taka ekki á móti innheimtum í erlendum gjaldeyri, nema þeir, sem innheimturnar eiga að greiða, hafi áður tryggt sér hjá bönkunum erlendan gjaldeyri til greiðslu á